

Reglur Félagsþjónustu Norðurþings um ferðaðjónustu.

1.gr.

Reglur þessar byggja á 35.gr laga nr.59/1992 um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

2.gr.

Tilgangur ferðaðjónustu fatlaðra og aldraðra í sveitarfélaginu Norðurþingi er að gefa fötluðum íbúum sveitarfélagsins kost á að stunda atvinnu og nám samanber 35. grein laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Jafnframt skulu fatlaðir eiga rétt á ferðaðjónustu á vegum sveitarfélagsins vegna aksturs á þjónustustofnanir samkvæmt 1. – 4. töluliðar 9. greinar og vegna annarrar sértækrar þjónustu sem er veitt fötluðum sérstaklega. Enn fremur skal stuðlað að því að gefa fötluðum tækifæri til að njóta tómtunda.

3.gr.

Íbúar í sveitarfélaginu Norðurþingi sem hafa tímabundið aðsetur en eiga ekki lögheimili í Norðurþingi eiga kost á þjónustunni ef sveitarfélag það sem viðkomandi á lögheimili í er tilbúið að taka þátt í kostnaði vegna aksturs.

4.gr.

Gjald vegna aksturs í þéttbýli er kr. 3.865 fyrir mánaðarkort (10 sinnum í viku eða oftar), og 415 kr. fyrir stakar ferðir. Sækja þarf um almenna heimild til aksturs (sjá 6. grein) hjá Félagsþjónustu Norðurþings eða Hvammi eftir því sem á við og kaupa þarf ferðakort á þessum stöðum. Fjárhæðir samkvæmt 1. málsgrein taka breytingum samkvæmt breytingu á vísitölu neysluverðs í janúar ár hvert.

5.gr.

Aðrir (sjúkir, aldraðir) sem nauðsynlega þurfa á akstursþjónustu að halda geta sótt um hana til Félagsþjónustu Norðurþings eða Hvamms eftir því sem við á og greiða fyrir hana sama gjald og aðrir.

6.gr.

Þjónustubíll heldur uppi reglubundinni þjónustu á Húsavík. Þegar um akstur í dreifbýli er að ræða þarf að meta þörfina hverju sinni. Hliðsjón skal hafa af reglum Tryggingarstofnunar ríkisins um þátttöku í ferðakostnaði innanlands, í þeim tilvikum þegar greiddur er kostnaður samkvæmt kílómetragjaldi.

7.gr.

Notendur þjónustunnar sækja um almenna heimild til að nýta ferðaðjónustuna á þar til gerðu eyðublaði fyrir hvert tímabil (vor og haust) og skila því til skrifstofu Félagsþjónustu Norðurþings annars vegar og til Hvamms hins vegar eftir því sem við á. Við mat á þjónustupörf skal jafnan við það miðað að notaður sé sá ferðamáti sem almennur er á viðkomandi svæði sé þess kostur.

8.gr.

Sérstakt gjald verður greitt fyrir akstur um helgar og á virkum dögum eftir kl. 16:30. Skal við það miðað að tekið sé gjald sem stendur undir kostnaði af launa- og eldsneytiskostnaði. Þeir sem vilja nýta sér þjónustu bílsins á kvöldin og um helgar skulu að jafnaði sækja um það með eins dags fyrirvara hjá bílstjóra, Félagsþjónustu Norðurþings eða Hvammi.

9.gr.

Bifreiðastjóri ber ábyrgð á þjónustunni gagnvart notendum hennar, frá því að þeir yfirgefa brottfararstað og þar til þeir eru komnir á áfangastað. Fyllsta öryggis skal gætt við aksturinn og viðurkenndur öryggisbúnaður notaður. Þess skal gætt að notandi þjónustunnar sé tilbúinn til brottfarar á umsömdum tíma. Ef svo er ekki er bifreiðarstjóra heimilt að synja akstri, þó aðeins ef töfin hefur í för með sér riðlun á akstursskipulagi.

10.gr.

Nauðsynlegt er að bifreiðastjóra sé kunnugt um sjúkdóma eða aðrar raskanir notanda sem gætu haft áhrif á aksturinn eða þarfnast inngripa af hálfu bifreiðarstjóra. Því ber að upplýsa starfsmann Félagsþjónustu Norðurlands um slíkt þegar sótt er um þjónustuna. Forföll ber að tilkynna ein skjótt og auðið er.

111.gr.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun Félagsþjónustunnar til félags- og barnaverndarnefndar Norðurlands innan fjögurra vikna frá því að honum bárust upplýsingar um ákvörðunina. Ákvörðun félags- og barnaverndarnefndar Norðurlands má skjóta til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því að umsækjandi bárust upplýsingar um ákvörðun nefndarinnar.

Samþykkt í félags- og barnaverndarnefnd Norðurlands 15. febrúar 2012

Staðfestar í félags- og barnaverndarnefnd Norðurlands 10. september 2014